

Bíldudalur 25. maí 2020

Atvinnu og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Efni: Athugasemdir við drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum.

Vísað er til kynningar Atvinnu og nýsköpunarráðuneytisins um breytingu á reglugerð nr. 300/2018. Gert er ráð fyrir breytingu á efnisákvæði í 17. gr. reglugerðarinnar sem segir að ef niðurstaða talningar laxalúsar (*Lepeophtheirus salmonis*) leiðir í ljós að meðaltals fjöldi kynþroska kvenlúsa (með eða án eggjastrengja) innan viðkomandi svæðis sé meiri en sem nemur þremur lúsum á hvern fisk tvö samliggjandi talningatímabil í röð skal rekstrarleyfishafi tilkynna það til Matvælastofnunar.

Arnarlax telur að þrjár kynþroska kvennlýs að meðaltali á hvern fisk sé of mikið. Reynsla í Noregi og Færeyjum sýnir að ef meðaltal kynþroska kvennlúsa fer yfir 0,5-1 á hvern fisk er nauðsynlegt að bregðast við. Lögbundnar viðmiðunarreglur í Færeyjum og Noregi miðast þannig við aðgerðir ef meira en 0,5 kvennlýs eru að meðaltali á hverjum fiski.

Arnarlax elur töluvert af laxi í samræmi við staðal Aquaculture Stewardship Council (ASC). Samkvæmt staðlinum má fjöldi kynþroska kvennlúsa með eggjastrengi ekki fara yfir 0,1 að meðaltali á hvern fisk á tímabili þar sem villtir laxfiskar leita til sjávar (apríl og maí).

Arnarlax leggur til að viðmiðunarmörk með tilliti til tilkynningaskyldu til Matvælastofnunar verði 0,5 kynþroska kvennlýs að meðaltali á hvern fisk innan viðkomandi svæðis í stað þriggja. Afstaða Arnarlax byggir á því að reynslan sýnir að of seint er að bregðast við ef viðmiðunarmörk miðast við þrjár lýs að meðaltali á hvern fisk. Nauðsynlegt sé að hafa hemil á fjölgun lúsa vegna mögulegra áhrifa á villta laxastofna og tryggja að lýs hafi ekki áhrif á dýravelferð. Reynslan í Færeyjum og Noregi sýnir að ef meðaltal kynþroska kvennlúsa fer yfir 1 á hvern fisk er hættu á mikilli fjölgun lúsa með tilheyrandi álagi á eldisfisk, dýravelferð og aukinni hættu á að smit berist á milli sjókvíaeldissvæða.



ARNARLAX

Arnarlax gerir ráð fyrir að skilgreining á talningartímabili sé í samræmi við leiðbeiningar um lúsatalningu og vöktun lúsasmits í sjókvíum frá Matvælastofnun en skilgreina þurfi „svæði“ nánar í reglugerð.

Arnarlax óskar vinsamlegst eftir fundi með ráðuneytinu til frekari útskýringa á framangreindri afstöðu og sjónarmiðum félagsins.

Fyrir hönd Arnarlax

Björn Hembre, forstjóri

Afrit sent Hafrannsóknastofnun